

# VEIÐIMÁLASTOFNUN

RAFVEIÐAR Í SELA 1983

Bráðabirgðaniðurstöður.

VAUST/8304

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

### Inngangur.

Dagana 1 - 3 september 1983 voru árlegar rafveiðiathuganir Veiðimálastofnunar framkvæmdar í Selá í Vopnafirði.

Hér á eftir er stutt bráðabirgðayfirlit yfir helstu niðurstöður þessara athugana. Endanleg skýrsla kemur síðar.

### Framkvæmd.

Eins og undanfarin ár var gerð könnun á 8 stöðum í Selánni og ástand og dreifing laxaseiða athuguð.

### Niðurstöður

Niðurstöður eru settar fram í myndum 1 og 2.

A mynd 1 er lengardreifing laxxaseiða, sem veiddust í einni rafveiðiyfirferð sýnd í stöplaritum, og greint milli einstakra aldurshópa með mismunandi merkingu. Fjöldi er umreiknaður á 1000 fermetra svæði og eru stöðvarnar þannig sambærilegar hvað flatarmál snertir.

A mynd 2 er samantekið í stöplaritum rafveidd laxaseiði á 4 stöðum í Selá á árunum 1981 - 1983. Hér er sömuleiðis miðað við 1000 fermetra svæði í öllum tilvikum og merkingar árganga þær sömu og á mynd 1. Þannig gefur stöplaritið hugmynd um hlutfallslegann styrk eistakra klakárganga í ánni á hverjum tíma, þótt ekki sé unnt að gefa magnbundnar upplýsingar um fjölda á flatareiningu.

### Alyktanir.

Það er líkt í ár og í fyrra, að hvergi verður vart við vorgömul laxaseiði í ánni (sjá myndir 1 og 2). Klakárgangur 1982, sem var

ekki kominn úr mölinni þegar rafveiðar áttu sér stað í águst 1982, kemur greinilega fram í ár sem hlutfallslega veikur árgangur, jafnvel þótt sumaralin seiði, sem sleppt var í summar séu tekin með í reikninginn, en þau lenda í sama lengdaribili og náttúrulegt klak frá í fyrra, og erfitt er að aðgreina hvort sé hvað. Þessi árgangur er mest áberandi neðan við stiga og hef ég grun um, að þar fari að langmestu leyti sleppiseiði.

Ef við lítum á klakárganginn frá 1981, þá mætti ætla af stöplaritinu, að honum hefði vaxið fiskur um hrygg, og að hann hafi styrktst milli ára. Ef við horfum framhjá tilviljanaskekkju, sem ávallt er til staðar við svona mælingar, þá er væntanleg ástæða fyrir þessu sleppiseiði á svæðinu við Áslaugarstaði, sem voru aðgreind frá náttúrulegum seiðum í fyrra. Það er hinsvegar ekki gerlegt í ár og þau eru þess vegna inní myndinni með 2 ja ára seiðum.

Eins og hefur komið fram, þá eru hlutfallslega sterkustu árgangarnir í ánni núna frá 1978 og 1980. 1978 seiðin eru að heita farin úr ánni að langmestu leyti og eru farin að skila sér að nokkru sem smálax í ár. Þessi árgangur verður væntanlega uppi-staðan í laxagöngum a.m.k. næstu 2-3 ja ára. 1980 árgangurinn er þegar farinn að ganga út og fer að mestu leyti á næstu 2 árum og verður því samfella með þessum 2 árgöngum í göngum næstu 5-6 árin og það er ekki líklegt að neinna verulegrar áhrifa gæti vegna slæmrar útkomu seiða frá 1979, end eru árgangarnir beggja megin við það sterkir að þeirr ná að fylla tómið sem skapast. Það verður því að álykta, að Selá haldi áfram uppávið næstu árin, eins og við höfum séð upphafið á nú í summar.

Mynd. 1 Fjöldi laxaseiða og aldursdreifing í Selá í Vopnafirði 1983

Myndirnar sýna fjölða seiða, sem fengust úr 1 rafveiðiyfirferð,  
og eru allar stöðvar umreiknaðar miðað við 1000 fermetra svæði.

Fjöldi

Stöð 1: Við Hraungerðisrétt



Stöð 1A: 200 m ofan við nýju brú.




Stöð 2 : 300 m ofan við gömlu brú.



Stöð 2A: 1000 m ofan við gömlu brú



Stöð 4 : 200 m ofan við Laxastigann



Stöð 6 : Móts við Áslaugarstaði



Stöð 8 : Innan við Leifsstaði



CM

Mynd 2 Fjöldi og dreifing aldurshópa laxaseiða úr Selá í Vopnafirði 1981-1983. Öll árin eru teknar stöðvar 2,4,6 og 8, og er fjöldinn umreiknaður miðað við 1000 fermetra svæði.

